**12/08/2019**

## Upplýsingar um mötuneyti Verkmenntaskóla Austurlands

Nemendur VA geta keypt sér hádegisverð í mötuneyti skólans sem er staðsett á heimavistinni, á Nesgötu 40.




**Matseðil má nálgast á heimasíðu skólans** og einnig á **Facebook síðu Matfélagsins**.

Fastar skráningar í hádegismat (tvær, þrjár, fjórar eða fimm máltíðir á viku) fara fram **hér**. Þegar nemendur hafa fengið stundatöflu skulu þeir tilkynna í mötuneyti hvaða daga þeir hyggjast skrá sem sína föstu daga í hádegismat og fá þeir afhent kort sem sýnir hvaða daga þeir hafa keypt fæði út önnina.

Einnig er hægt að kaupa10 miða kort fyrir stakar máltíðir eða stakar máltíðir. Fyrir þetta er greitt í mötuneytinu. Posi verður á staðnum.

Þeir sem ekki eru skráðir í fast fæði þurfa að skrá sig í hádegisverð hverju sinni á **skrifstofu skólans** eða á **Facebook síðu Matfélagsins**. Skráning í stakar máltíðir þarf að fara fram fyrir kl. 15:00 daginn áður.

Hér má sjá verðskrá fyrir mismunandi skráningarleiðir í mötuneytinu á haustönn 2019:

- Stök máltíðir 1.250.-
- 10 miða kort – stakar máltíðir 11.000.-
- Skráning í fast fæði (alla önnina) - hægt er að skipta greiðslum (sjá í skráningarformi):
  - Annarkort – hádegismatur 5 daga vikunnar 82.000.-
  - Skráning í fast fæði – 4 daga vikunnar 69.000.-
  - Skráning í fast fæði – 3 daga vikunnar 54.000.-
  - Skráning í fast fæði – 2 daga vikunnar 37.800.-

Verið velkomin í mötuneyti VA!

Lilja Guðný Jóhannesdóttir
skólameistari

Hákon Guðröðarson
Matfélagið, Hildibrand Hótel

Mýrargötu 10
740 Fjarðabyggð
Netfang: va@va.is
Heimasíða: www.va.is
Sími 477 1620
Fax: 477 1852
VERKMENNTASKÓLI AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur